

M-79/2019. Álit 20. janúar 2020.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. janúar 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-79/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. desember 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á vatnskælingu fyrir örgjafa af Y hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að varan sé haldin galla og krefst nýrrar afhendingar.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beið þjónustukaupa um álit á ágreiningnum.

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi festi kaup á lokuðu vatnskælikerfi fyrir örgjafa í tölvu, af gerðinni Coolermaster ML120, fyrir um það bil tveimur mánuðum. Kælikerfið byrjaði að sögn álitsbeiðanda fyrir stuttu að „ropa lofti“. Álitsbeiðandi segir að tæknimaður seljanda hafi þegar ákveðið hvort um bilun væri að ræða og hafi fullyrt að hann muni ekki skoða tölvuna ef álitsbeiðandi sendir hana í viðgerð. Eigandi seljanda hefur boðist til að skoða tölvuna og skipta kælikerfinu út ef þörf reynist. Álitsbeiðandi kveðst hins vegar ekki treysta seljanda til verksins eftir fullyrðingu tæknimannsins.

Hinn 20. desember 2019 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum um kröfu álitsbeiðanda auk gagna til stuðnings kröfu álitsbeiðanda.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindum bréfum. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

IV

Álitsorð

Álitsbeiðni álitsbeiðanda, X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson